

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 2. apríl 2019.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.45.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Viðar Halldórsson, Ingvar Kristinsson, Ragnar Hilmarrsson, Karl Georg Klein, Sveinn Sigurbergsson og Magnús Gunnarsson. Forföll: Jóhann Óskar Borgþórsson og Hörður Þorsteinsson.

Dagskrá:

1. Lyftingafélag Hafnarfjarðar

Félagið hélt síðast aðalfund árið 2016 fyrir árið 2015, þar sem starfsskýrslum var skilað. Samþykkt að leggja fram tillögu á 51. þingi ÍBH að vísa félaginu úr ÍBH sbr. lög ÍBH og lög ÍSÍ.

2. Kjörbréf á 74. Íþróttaping ÍSÍ 3. – 4. maí 2019

ÍBH á 9 fulltrúa á þinginu út frá félagsmannafjölda 22.157. Samþykkt að stjórnarmenn ÍBH, framkvæmdastjóri ÍBH og formenn aðildarféлага ÍBH verði fulltrúar ÍBH á þinginu.

3. Bréf frá ÍSÍ dagsett 18. mars 2019 - athygli vakin á almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ

Lagt fram til kynningar. Vakin er athygli á heimasíðum almenningsíþróttaverkefna ÍSÍ, Lífshlaupið www.lifshlaupid.is, Hjólað í vinnuna www.hjoladivinnuna.is, Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ www.kvennahlaup.is, Göngum í skólann www.gongumiskolann.is, Hjólum í skólann www.hjolumiskolann.is, Íþróttavika Evrópu www.beactive.is. ÍSÍ hefur einnig dreift plakötum um verkefnin um bæinn og hægt er að nálgast viðbótar plaköt á skrifstofu ÍBH.

4. Eftirlitsviðmið Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH gagnvart íþróttafélögum

Hafnarfjarðarbær óskar eftir umsögn stjórnar ÍBH um drög að eftirlitsviðmiðunum. Íþróttahreyfingin í Hafnarfirði óskar eftir nýrri úttekt á stöðunni hjá aðildarfélögum ÍBH og vill vinna með Hafnarfjarðarbæ út frá þeim niðurstöðum. Jafnréttisáætlun ÍSÍ hefur verið fylgt eins og frekast er hægt, í henni stendur m.a. „að hlutfall kynja í nefndum og ráðum í stjórnnum félaganna skuli vera sem jafnast og endurspeglar hlutfall kynjanna“. Stjórn ÍBH telur vera erfitt að uppfylla ákveðin prósentuviðmið kynja í sjálfbodaliðastörfum í stjórnnum féлага og deilda. Flest félög eru ánægð með að fá hæft fólk sem hefur áhuga og tíma til að sinna stjórnarstörfum í sjálfbodaliðavinnu. Stjórn ÍBH er ánægð með jafnréttishvata inn í samningi milli ÍBH, fyrirtækisins Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar, þar sem veittur er viðbótar fjárstuðningur til þeirra féлага sem annars vegar fjölga mest því kyni sem hallar á út frá iðkendafjölda og hins vegar út frá mestri prósentuhækkun þess kyns sem hallar á. Stjórn ÍBH leggur til að Hafnarfjarðarbær nalgist verkefnið með viðurkenningum / verðlaunum í stað refsinga.

5. Drög að tillögum fyrir 74. Íþróttþing ÍSÍ 3. – 4. maí 2019

Drög að tillögum um skiptingu tekna frá Íslenskri getsþá og drög að tillögum um ríkisstyrk til íþróttahéraða ræddar og framkvæmdastjóra ÍBH falið að vinna tillögurnar áfram með samstarfsaðilum innan og utan ÍBH fram að skilafresti 5. apríl nk.

6. Ársreikningur ÍBH 2018

Lagður fram til kynnar. Hagnaður á rekstri samtakana á árinu var kr. 179. 813.

7. Ársreikningur Afreksmannasjóðs ÍBH 2018

Lagður fram til kynningar. Tap varð á rekstri sjóðsins á árinu. Kr. 1.870.000 voru skuldfærðar yfir á árið 2019.

8. Reglur fyrir ljósmyndakeppni um íþróttamynd ársins í Hafnarfirði 2019

Lagðar fram til kynningar og samþykktar. Ljósmyndakeppnin verður kynnt og auglýst nánar á næstu vikum.

9. Úthlutun úr ferðasjóði íþróttafélaga 2018

Alls var úthlutað 127 milljónum króna fyrir allt landið á árinu. Aðildarfélög ÍBH fengu samtals kr. 4.122.840 af þeirri upphæð og skiptist hún eftirfarandi milli aðildarfélaganna:

Íþróttafélagið Fjörður kr. 11.730

Siglingaklúbburinn Þytur kr. 12.356

Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 55.604

Golfklúbburinn Keilir kr. 71.035

Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 105.031

Fimleikafélagið Björk kr. 117.334

Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 158.106

Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 594. 841

Knattspyrnufélagið Haukar kr. 2.996.803

10. Uppsögn verkefnisstjóra ÍBH

Hefur verið sagt upp störfum og hættir frá og með 21. júní nk. Verkefnisstjóra ÍBH eru þökkuð góð störf á liðnum mánuðum og óskað velfarnaðar í framtíðinni.

11. Aðildarumsókn að UMFÍ

Stjórn ÍBH samþykkir að endurnýja ekki aðildarumsókn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar að UMFÍ.

12. Önnur mál

a). IK greindi frá störfum allsherjarnefndar ÍBH. Nefndin er búin að halda 3 fundi og áætlað að halda síðasta fundinn fyrir þing ÍBH 9. apríl nk.

b). KGK sagði frá tillögum SH að dýfingarlaug við Ásvallalaug og óskum félagsins á tilfærslu á Skólahreystivelli sem Hafnarfjarðarbær áætlað að reisa við Ásvallalaug.

c). RH kynnti drög að fjárhagsáætlun ÍBH 2019-2021.

d). SS vakti athygli á því að Golfklúbburinn Keilir ætlað að vera með dagskrá á Björtum dögum 24. – 28. apríl nk.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.